

Viðauki 11

Reikningsskilaleg meðferð hjúkrunarheimilis

Í samráði við endurskoðendur Garðabæjar hefur verið gerð breyting á reikningshaldslegri meðferð á samningi Garðabæjar við Velferðarráðuneytið um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða Ísafold Strikinu 3.

Fasteignin var færð til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í B hluta sjóði á kostnaðarverði og afskriftir og leigutekjur af eigninni færðar í rekstrarreikningi.

Sú breyting er gerð að færa hlutdeild ríkisins á grundvelli samningsins sem **leigueign** þar sem samningurinn tryggir leigusala verðtryggðar greiðslur frá leigutaka í 40 ár, sem eðlilegt er að færa til eignar í efnahagsreikningi sem sama hætti og verðbættar skuldir sem stofnað var til í tengslum við framkvæmdina.

Sjá meðfylgjandi sundurliðun - áhrif breytinga á reikningsskilaaðferð.